

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

45. fundur.

Priðjudaginn 5. febrúar 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum, kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Staðardagskrá 21. Kynning, Ragnhildur H. Jónsdóttir.**
3. **Fjárhagsáætlun 2009-2011, fyrri umræða.**
4. **Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Félagsþjónustu A-hún dags. 20. des. 2007.
 - b) Stjórnar SSNV dags. 8. janúar 2008.
 - c) Fundar með fulltrúum Hive dags. 16. janúar 2008.
 - d) Fundar vegna rotþróarverkefnis dags. 17. janúar 2008.
 - e) Norðvesturnefndar, vinnuþlagg, afrakstur funda 17 og 21. jan. 2008.
 - f) Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 22. janúar 2008.
 - g) Samráðsfundar sameinaðra sveitarfélaga 21. nóv. 2007.
 - h) Samráðshóps um verkefni Héraðsnefndar 30. janúar 2008.
5. **Bréf:**
 - a) Frá SSNV, dags. 10. janúar 2008.
 - b) Frá stjórn Hestamannafél. Neista, ódagsett.
 - c) Frá Norðurvegi ehf. ódagsett.
 - d) Frá Norðurlandsskógum, dags. 23. janúar 2008.
 - e) Frá Lúther Olgeirssyni, ódagsett.
 - f) Frá Vegagerðinni, dags. 24. janúar 2008.
 - g) Frá ritsjóra Feykis, dags. 25. janúar 2008.
 - h) Frá SSNV, dags. 28. janúar 2008. (launanefnd sveitarfél, fundarboð)
 - i) Frá SSNV, dags. 28. janúar 2008. (auka ársþing SSNV)
 - j) Frá SSNV, dags. 29. janúar 2008.
 - k) Frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. janúar 2008.
6. **Önnur mál**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**

Farið var yfir stöðu innheimtumála hjá sveitarfélaginu. Kynnt voru væntanleg frumvörp vegna skipulagslaga og laga um mannvirki. Rætt um fornleifaskráningu vegna gerðar aðalskipulags. Kynntur ársreikningur Bændasjóðs Bólstaðarhlíðarhr. fyrir árið 2006.

Tekið fyrir erindi Tónskóla Akureyrar dags. 19. nóv. 2007, varðandi kennslukostnað, og sem frestað var frá 43. fundi hreppsnefndar. Hreppsnefnd samþykkti að hafna erindinu.

Hreppsnefnd hefur ráðið Ólaf Björnsson hrl. til að gæta hagsmuna landeigenda í Húnavatnshreppi vegna væntanlegra þjóðlendukrafna ríkisins.

2. **Staðardagskrá 21. Kynning, Ragnhildur H. Jónsdóttir.**

Ragnhildur mætti til fundar og kynnti velferðaráætlun sveitarfélaga (Staðardagskrá 21) Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 í Borgarnesi veitir fámennum sveitarfélögum ókeyypis ráðgjöf við verkefnið. Skoða þarf aðstæður hér og ákveða hvaða málaflokkum þarf helst að taka á. Staðardagskrárverkefnið nær til fleiri þátta í sveitarfélaginu en aðalskipulag gerir, þar er horft til félagslegra- efnahagslegra- og umhverfislegra þátta. Hreppsnefnd samþykkti að farið verði í verkefnið Staðardagskrá 21 samhliða aðalskipulagsgerð. Sveitarstjóra var falið að hafa samband við Landsskrifstofu staðardagskrár um málið.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

45. fundur.

3. Fjárhagsáætlun 2009-2011, fyrri umræða.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps fyrir árin 2009-2011. Hreppsnefnd samþykkti að vísa fjárhagsáætluninni til síðari umræðu.

4. Fundargerðir:

a) Stjórnar Félagsþjónustu A-Hún dags. 20. des. 2007.

Lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar SSNV dags. 8. janúar 2008.

Lögð fram til kynningar.

c) Fundar með fulltrúum Hive dags. 16. janúar 2008.

Lögð fram til kynningar.

d) Fundar vegna rotþróarverkefnis dags. 17. janúar 2008.

Lögð fram til kynningar. Fulltrúar E-lista gagnrýna þau vinnubrögð að ekki voru haldnir verkfundir og sveitarstjórn upplýst um stöðu verksins og aukin kostnað hreppsins og íbúa.

e) Norðvesturnefndar, vinnuþagg, afrakstur funda 17 og 21. jan. 2008

Lagt fram til kynningar.

f) Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 22. janúar 2008.

Lögð fram til kynningar.

g) Samráðsfundar sameinaðra sveitarfélaga 21. nóv. 2007.

Lögð fram til kynningar.

h) Samráðshóps um verkefni Héraðsnefndar 30. janúar 2008.

Lögð fram til kynningar: Hreppsnefnd samþykkti að unnið yrði áfram að málinu í samræmi við niðurstöðu fundargerðarinnar.

Samþykkt var að fresta umfjöllun um lið 5. til næsta fundar hreppsnefndar og taka fyrir dagskrárlíð 6.

6. Önnur mál.

Borist hefur munnlegt erindi frá formanni félags skólabílstjóra við Húnavallaskóla þar sem óskað er eftir viðræðum um áframhaldandi samning vegna skólaaksturs. Hreppsnefnd samþykkti að boða alla skólabílstjóra til fundar um málið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.40

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jóhanna Pálmadóttir

Birgir Ingþórsson

Jón Gíslason

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M Lárusdóttir

Jens P Jensen

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.